

Fundargerð 502

Priðjudaginn 26. október 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Hótel Kötlu, Höfðabrekku í Mýrdal. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), Kári Gautason (KG) og María Hjálmarsdóttir (MaH). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 4), Kristján Þ. Halldórsson (KPH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 2), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 3), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Brothættar byggðir - til afgreiðslu
 - a. Tillaga um framlengingu verkefnis á Þingeyri
 - b. Tillaga um að taka Stöðvarfjörð inn í verkefnið
 - c. Tillaga um að taka Dalabyggð inn í verkefnið
3. Aflamark Byggðastofnunar - til kynningar
4. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar
5. Hvar eru ríkisstörfin - til kynningar
6. Pósteftirlit, stöðuskjal - til kynningar
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 501.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og send í rafræna undirritun.

2. Brothættar byggðir - til afgreiðslu

KPH kom á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fyrir fundinum liggur minnisblað KPH og Helgu Harðardóttur sérfræðinga á þróunarsviði um framlengingu verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar og boð um samstarf við Stöðfirðinga (Fjarðabyggð) og Dalamenn í verkefninu Brothættar byggðir.

KPH fór yfir minnisblaðið og svaraði spurningum stjórnarmanna um verkefnið og einstakar byggðir.

Við yfirferð mælikvarða á stöðu byggðarlaga á síðustu vikum kom í ljós að Dalabyggð og Stöðvarfjörður skora hæst þeirra byggðarlaga sem ekki hafa verið tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir.

Til máls tóku MBJ, MaH og GP.

Formaður bar upp tillögu um framlengingu á verkefningu Öll vötn til Dýrafjarðar og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður bar upp tillögu um að taka Stöðvarfjörð inn í verkefnið Brothættar byggðir og var það samþykkt samhljóða.

Formaður bar upp tillögu um að taka Dalabyggð inn í verkefnið Brothættar byggðir og var það samþykkt samhljóða.

KPH vék af fundi.

3. Aflamark Byggðastofnunar - til kynningar

RR kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fyrir fundinum liggur minnisblað Péturs Friðjónssonar sérfræðings á fyrirtækjasviði og RR um framkvæmd samninga Byggðastofnunar við útgerðir á ellefu stöðum um nýtingu á samtals 5.028,5 þorskígildistonnnum af aflamarki Byggðastofnunar.

AÞ hafði inngang og fór RR síðan yfir minnisblaðið og svaraði spurningum stjórnarmanna.

Niðurstaðan er að í öllum meginatriðum hafi samningar gengið eftir á fiskveiðiárinu 2020/2021. Helst er að betri skýringa var þörf vegna neikvæðrar stöðu skipa við lok fiskveiðiárs en í sumum tilfellum skýrist það af flutningi milli eigin skipa viðkomandi útgerða.

Til máls tóku KG, MaH, AÞ, MBJ, GP og HÓ.

RR vék af fundi.

4. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar

HP tók þátt í fundinum í gegnum síma. Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs sem HP fór yfir. Eru allir áhættuþættir innan tilsettra viðmiða áhættustefnu.

Til máls tóku HKH, HÓ, AME, KG, KB, AÞ, HÁ, GP og MBJ.

HP vék af fundi.

5. Hvar eru ríkisstörfin - til kynningar

ÞS tengdist fundinum í gegnum Teams í þessum dagskrárlið og fjallaði um skýrsluna Hvar eru ríkisstörfin? Fjöldi ríkisstarfsmanna 31.12.2020 og kynnti auk þess nýtt mælaborð sem sýndi staðsetningu ríkisstarfanna.

Til máls tóku KB, AÞ og MBJ.

ÞS vék af fundi.

6. Pósteftirlit, stöðuskjal - til kynningar

Fyrir fundinum liggur Stöðuskjal S1/2021. AÞ ræddi um eftirlit stofnunarinnar með póstrekendum og ræddi hlutverk Byggðastofnunar gagnvart gjaldskrárákvörðunum Íslandspósts og hvaða heimildir stofnunin hefði í því efni. Einnig var rætt um aðkomu stjórnar að meðferð slíkra mála. HÁ fjallaði síðan um reglur og heimildir stofnunarinnar. Var rætt um hvert væri hlutverk stjórnar og nauðsyn þess að samþykkja verklagsreglur um meðferð mála sem tilheyrja pósteftirlitinu.

Til máls tóku MBJ, KB, HKH og GP.

7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur fundargerðir lánanefndar nr. 34/21-37/21 og yfirlit yfir afgreiðslur lánanefndar á árinu og frá síðasta stjórnarfundum sem AME kynnti. Að auki liggur fyrir fundinum ferðadagbók sérfræðinga af fyrirtækjasviði af nýlegri ferð þeirra um Vestfirði.

8. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og stöðu rekstrar 30. september sl. SEP fór yfir helstu verkefni á þróunarsviði og AP fór yfir stöðu rekstrar.

Til máls tóku GP, MaH og KG.

9. Önnur mál

MBJ sagði frá fjárfundi sem hann sat með AME og AP og fulltrúum Veðurstofu Íslands varðandi mat á ofanflóðum. Rætt um að fá kynningu á áhættumati fyrir stjórn.

GP, sem jafnframt er stjórnarformaður Eignarhaldsfélags Suðurlands hf (ES) spurði hvort Byggðastofnun hefði athugasemd við að hlutur stofnunarinnar í ES myndi þynnast út þar sem fjárfestir hefði áhuga á að koma að félaginu. Ekki komu fram athugasemdir við það.

...

10. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 19. nóvember í Reykjavík. Eftir stjórnarfund verður EY með námskeið fyrir stjórn um regluverk á fjármálamarkaði.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:25.

Magnús Helgason fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

Kári Gautason

María Hjálmarsdóttir